

Akureyri 25. janúar 2018

**Bæjarstjórn Akureyrar
b.t. bæjarstjóra
Geislagötu 9
600 Akureyri**

Efni: 100 ára afmæli Skákfélags Akureyrar. Beiðni um fjárstyrk vegna alþjóðlegs skákmóts vorið 2019.

Skákfélag Akureyrar var stofnað 10. febrúar 1919 og er því eitt elsta nýlifandi félag bæjarins. Félagið hefur verið virkur aðili í bæjarlífum frá stofnun og staðið fyrir skákmótahaldi og skákæfingum í bráðum heila öld.

Félagið hyggst minnast þessa stórafmælis með ýmsum hætti. Hér verða örfá atriði rakin:

1. Í samstarfi við Skákskóla Íslands verður boðið til reglulegrar skákkennslu í grunnskólum á Akureyri skólaárið 2018-2019. Félagið mun útvega skákkennara með alþjóðleg réttindi til að annast þessa kennslu sem verður skipulögð í samráði við skólanu sjálfa. Félagið mun í þessu sambandi beita sér fyrir því að skólnir geti eignast skáksett sem nýtast við skákkennslu og að öðru leyti til skákiðkunar í skólunum. Skákkennslan og áhöldin sem um ræðir mun verða boðin skólunum þeim að kostnaðarlausu.
2. Stefnt er að sérstökum skáknámskeiðum fyrir stúlkur, nánari útfærsla er eftir.
3. Stórt barna- og ungingaskákmót verður haldið í febrúar 2019, sem næst afmælisdegi Skákfélagsins.
4. Skákþing Norðlendinga, hið 85. í röðinni verður haldið á Akureyri í marsmánuði 2019 og verður sérstaklega til þess vandað í tilefni af afmælinu.
5. Haldið verður alþjóðlegt skákmót á Akureyri vorið 2019, líklega í maímánuði. Til mótsins verður boðið þekktum skákmesturum, innlendum sem erlendum, auk þess sem það verður opið öllum skákmönnum með alþjóðleg skákstig. Stefnt er að 45-50 keppendum og mun mótið sjálft standa í átta daga.

Kostnaðaráætlun fyrir þetta móti hljóðar upp á kr. 3.000.000. Vegna þessarar afmælisdagskrár og þá einkum vegna kostnaðar við alþjóðlega mótið, sækir Skákfélag Akureyrar um styrk til bæjarsjóðs að upphæð kr. 1.500.000.

Virðingarfyllst,
f.h. Skákfélags Akureyrar

Áskell Örn Káráson
Áskell Örn Káráson,
formaður

AKUREYRARBÆR	
Mótið:	26. 01. 2018
Málsnr.:	2018010366
Lykill:	CB-103